

Alþingi
Erindi nr. P/32/1979
komudagur 2.5.2006

Nefndasvið Alþingis
Menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK



2. maí 2006


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum, 695.mál, heildarlög, 132.þing

SVP-Samtök verslunar og þjónustu hafa með bréfi dagsettu 25. apríl sl. fengið tilvitnað frumvarp til umsagnar.

Frumvarpið felur í sér skyldu varðandi merkingu og flokkun kvikmynda og tölvuleikja og greinilega merkingu á umbúðum þeirra í samræmi við auglýstar reglur sem styðjast við alþjóðlega viðurkennd skoðunarkerfi fyrir tölvuleiki og kvikmyndir. Eftirlit verði í höndum Barnaverndarstofu og Kvikmyndaskoðun verður aflögð.

Samtökin gera ekki athugasemdir við frumvarpið og eru sammála markmiði þess. Frumvarpið felur að mati samtakanna ekki í sér kostnað eða óhagræði fyrir aðildarfyrirtæki SVP og væntir þess að boðuð reglugerð sbr. 6.gr. miðist við að framkvæmd laganna verði sem einföldust og kostnaðarminnst.

Virðingarfyllst,



Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri